



AÐGERÐAÁÆTLUN VELFERÐARSVIÐS VEGNA TILLAGNA STÝRIHÓPS UM AUKIN TÆKIFÆRI FATLAÐS FÓLKS TIL ATVINNU OG VIRKNI 2018-2020

Stýrihópur um atvinnu- og virkniúrræði á vegum Reykjavíkurborgar til að auka tækifæri til virkni og vinnu fyrir einstaklinga með skerta starfsgetu og langtíma atvinnulausa einstaklinga starfaði á tímabilinu janúar-maí 2017 og lagði fram átta tillögur ásamt aðgerðum til úrbóta, sem samþykktar voru í borgarráði 14. maí 2018. Aðgerðaáætlunin tekur til þeirra tillagna stýrihópsins (nr. 3-8) er falla undir verksvið velferðarsviðs og skiptast í eftirfarandi flokka:

- A. Uppbygging verndaðra vinnustaða og hæfingartengdrar þjónustu,
- B. Einstaklingar með flóknar þjónustuþarfir,
- C. Einstaklingar með skerta starfsgetu,
- D. Aldrað fatlað fólk,
- E. Ungt fatlað fólk,
- F. Langtíma atvinnulausir án fötlunargreiningar.

Þar eru sett fram markmið, mælikvarðar og aðgerðir. Undir hverju markmiði er mælikvarði sem á að gefa hugmynd um framvindu mála. Auk mælikvarðanna eru skilgreindar aðgerðir, ein eða fleiri, sem taldar eru stuðla að því að ná markmiðunum. Við hverja aðgerð er tilgreindur ábyrgðaraðili, kostnaður og á hvaða tímabili aðgerðin á að koma til framkvæmda. Lögð er áhersla á að tengja aðgerðirnar fjárveitingum með kostnaðarmati. Skrifstofa málefna fatlaðs fólks ber yfirábyrgð á innleiðingu stefnunnar, árangursmati samkvæmt mælikvörðum og endurskoðun hennar.

A. Uppbygging verndaðra vinnustaða og hæfingartengdrar þjónustu (tillaga 3)

Tillaga:

Uppbygging verndaðra vinnustaða og hæfingartengdrar þjónustu er á ábyrgð sveitarfélaga skv. lögum. Reykjavíkurborg á að sýna frumkvæði, vera leiðandi og leita fjölbreyttra leiða til að auka möguleika fólks til atvinnu og virkni. Lagt er til að Reykjavíkurborg skoði þátttöku í verkefnum á vegum einkaaðila sem stuðla að fjölbreytileika í störfum fyrir fatlað fólk sérstaklega í skapandi greinum s.s. þáttagerð, hönnun o.fl. Hér gæti framlag Reykjavíkurborgar verið að leggja fram starfsfólk og sérfræðipækkingu og mögulega húsnæði.

Markmið A.1: Auka framboð og fjölbreytileika í störfum fyrir fatlað fólk sem þarf hæfingartengda þjónustu.

Mælikvarði: Framboð nýrra tegunda vinnustaða eða hæfistengdra úrræða hafi aukist um 5 2020.

A1-1: Auglýst verði eftir samstarfsaðilum til að búa til fjölbreytta vinnustaði með áherslu á skapandi störf fyrir fatlað fólk.

Ábyrgðaraðili: Skrifstofa málefna fatlaðs fólks í samvinnu við mannréttindaskrifstofu.

Tímaáætlun: 2018-2020.

Kostnaður: 10 mkr. á ári annað hvort í formi húsnæðis eða starfsmanns.

B. Einstaklingar með flóknar þjónustubarfir (tillaga 4)

Tillaga:

Lagt er til að stofnað verði smíðaverkstæði fyrir einstaklinga með flóknar þjónustubarfir og krefjandi hegðun. Þessir einstaklingar eru í búsetuþjónustu á vegum Reykjavíkurborgar og hafa vinnu- og virkniúrræði borgarinnar ekki náð að sinna þörfum þeirra.

Markmið B1: Tryggja nýja tegund vinnu- og virkniúrræðis sem hentar hópi með flóknar þjónustubarfir.

Mælikvarðar: Nýtt úrræði komið til framkvæmda 2019.

B1-1: Finna húsnæði fyrir smíðaverkstæði og ráða verkefnisstjóra til að halda utan um verkefnið.

Ábyrgðaraðili: Skrifstofa málefna fatlaðs fólks í samvinnu við skrifstofu öldrunar og húsnæðismála

Tímaáætlun: Undirbúningur hefst 2018. Úrræði komið á fót í lok 2019.

Kostnaður: Startkostnaður og launakostnaður er áætlaður um 20 m.kr. Er hér reiknað með 1,5 stöðugildi þ.e. verkefnastjóri í 100 % starfshlutfalli og starfsmaður í 50 % starfshlutfalli. Leiga á húsnæði í formi innri húsaleigu til SEA.

C. Einstaklingar með skerta starfsgetu (tillaga 5)

Tillaga:

Lagt er til að stofna „vinnustað inná vinnustað“ sem tilraunaverkefni til eins árs að sænskri fyrirmynd. Fólk með skerta starfsgetu er ráðið inn á vinnustað hjá Reykjavíkurborg til að sinna ýmsum störfum. Yfir hópnum er umsjónaraðili sem starfar sem nokkurs konar tengiliður milli vinnustaðarins og starfsfólksins. Sem dæmi væri hægt að fara með lítinn hóp af einstaklingum með skerta starfsgetu inn á til dæmis hjúkrunarheimili þar sem þeir myndu sinna fjölbreyttum verkefnum undir stjórn umsjónarmanns. Stefnt er að því að finna fleiri/fjölbreyttari vinnustaði út frá þeirri reynslu sem verður til af þátttöku í tilraunaverkefninu.

Markmið C1: Gera tilraun með nýja tegund vinnumiðaðs verkefnis „vinnustaður innan vinnustaðar“ fyrir fólk með skerta starfsgetu.

Mælikvarðar: Tilraunaverkefni framkvæmt.

C1-1 : Setja upp tilraunaverkefni á til dæmis hjúkrunarheimili þar sem einstaklingar með skerta starfsgetu sinna störfum í þvottahúsi, eldhúsi, félagsstarfi o.s.frv.

Ábyrgðaraðilar: Skrifstofa málefna fatlaðs fólks í samstarfi við skrifstofu mannauðsmála.

Tímaáætlun: 2020.

Kostnaður: Kostnaðaráætlun verður unnin af undirbúningshóp (50% staða umsjónarmanns ca 5 m.kr. á ári auk annars kostnaðar).

C1-2: Búa til undirbúningshóp sem finnur hentugan vinnustað og formar verkefnið og leggur kostnaðaráætlun fyrir borgarráð.

Ábyrgðaraðilar: Skrifstofa málefna fatlaðs fólks í samstarfi við skrifstofu mannauðsmála.

Tímaáætlun: 2019.

Kostnaður: Innan fjárhagsramma.

C1-3: Skoða félagslega liðveislu og hvort hægt sé að nýta félagslega liðveislu inni á vinnustað í slíku tilraunaverkefni.

Ábyrgðaraðilar: Skrifstofa málefna fatlaðs fólks.

Tímaáætlun: 2019

Kostnaður: Innan fjárhagsramma.

D. Aldrað fatlað fólk (tillaga 6)

Tillaga:

Lagt er til að kanna möguleika á stofnun dagdvalarrýma fyrir aldrað fatlað fólk, sem notið hefur þjónustu í hæfingartengdum úrræðum. Hægt að byrja með tíu pláss til að stuðla að meiri hreyfingu á plássum í hæfingartengdum úrræðum s.s. lðjubergi og Ási styrktarfélagi. Öldrun byrjar fyrr hjá ýmsum hópum fatlaðs fólks og þess vegna er mikilvægt að koma til móts við þeirra þarfir og hafa sveigjanleika í virkniúrræðum hjá þessum hópi. Í tillögu að uppbyggingaráætlun í vinnumiðaðri stoðþjónustu fyrir fatlað fólk er lagt til að bætt verði við 10 dagdvalarrýmum fyrir aldrað fatlað fólk. Mikilvægt er að virða aldurstengdar þarfir og gera öldruðu, fötluðu fólki kleift að eldast með reisni. Í dag fá 10 einstaklingar 67 ára og eldri þjónustu á starfsstöðum vinnumiðaðrar stoðþjónustu. Formlega hefur verið farið fram á greiðslu daggjalda við velferðarráðuneytið, með bréfi í júní 2016 og ítrekun í nóvember 2016. Beðið er svara frá velferðarráðuneytinu. Meðalverð á núverandi dagþjónusturýmum samkvæmt samningi við Ás styrktarfélag eru lögð til grundvallar samtals 5.100.000 á rými.

Markmið D1: Setja á fót dagdvalarrými fyrir aldrað fatlað fólk.

Mælikvarðar: 10 dagdvalarrýmum komið á laggirnar.

D1-1: Þar til dagdvalarrými fyrir fatlað eldra fólk býðst á vegum ríkisins verði samið við Ás um 10 rými strax fyrir aldraða sem hafa verið í hæfingartengdri þjónustu.

Ábyrgðaraðili: Skrifstofa málefna fatlaðs fólks.

Tímaáætlun: 2018.

Kostnaður: Fjármagn: 51 m.kr. í samningi við Ás.

D1-2: Undirbúningshópur verði skipaður sem hefji viðræður við ríkið um 10 dagdvalarrými fyrir aldrað fólk. Uppbyggingaráætlun geri ráð fyrir þessum 10 rýmum.

Ábyrgðaraðili: Skrifstofustjóri öldrunar- og húsnæðismála.

Tímaáætlun: 2019.

Kostnaður: Innan fjárhagsramma.

E. Ungt fatlað fólk (tillaga 7)

Tillaga:

Unnið verði að atvinnuuppbyggingu í samræmi við þarfagreiningu Velferðarsviðs um þörf á hæfingartengdri þjónustu sem fram kemur í tillögu að uppbyggingaráætlun í vinnumiðaðri stoðþjónustu fyrir fatlað fólk frá janúar 2017. Þar er lagt til að á næstu 10 árum verði bætt við 60 nýjum rýmum, ef frá eru talin 10 dagdvalarrými fyrir aldrað fólk (sbr. tillögu númer 6). Í ágúst 2017 var bætt við 8 nýjum rýmum með þjónustusamningi við Ás styrktarfélag til að mæta einstaklingum sem luku framhaldsskóla í vor. Fyrir næstu 3 árganga eða einstaklinga fædda á árunum 1998-2000 má reikna með að meðaltals nýgengi inn í þjónustuna séu 11 einstaklingar á ári. Ef við lítum til næstu sex árganga þar á eftir eða einstaklinga fædda á árunum 2001-2006 má reikna með að nýgengi verði að meðaltali 15 einstaklingar á ári. Ef miðað er við að úrgengi úr þjónustunni verði í samræmi við undanfarin ár má reikna með að uppbyggingarþörfin verði eftirfarandi.

Markmið E1: Aukin atvinnuuppbygging fyrir ungt fólk með fötlun.

Mælikvarði: Nýr starfsstaður með 20 rýmum fyrir hæfistengda þjónustu opnaður

E1- 1: Semja við Ás um 9 rými til viðbótar sem mæta þörf biðlista og nýgengis (ef tillaga 6 er ekki framkvæmd þarf að semja um 19 rými)

Ábyrgðaraðili: Skrifstofa um málefni fatlaðs fólks

Tímaáætlun: 2018.

Kostnaður: 9 rými hjá Ás = 45,9 m.kr.

E1- 2: Miða lðjuberg meira að yngri notendum og auka tengsl út í atvinnulífið.

Ábyrgðaraðili: Forstöðumaður lðjubergs.

Tímaáætlun: 2019.

Kostnaður: Innan fjárhagsramma.

E1- 3: Opna nýjan starfsstað með nýjar nálganir og rými fyrir 20 einstaklinga sem skapar möguleika á að fólk geti skipt um starfsstað. Rýmið myndi mæta þörf fyrir ný rými næstu 3 árin. Horft yrið til hæfingarstaðar þar sem fólk er í vinnu úti í samfélaginu með aðstoð.

Ábyrgðaraðili: Skrifstofa um málefni fatlaðs fólks.

Tímaáætlun: 2019 og 2020.

Kostnaður: 202 m.kr. (101 mkr. 2019 og 101 mkr. 2020).

F. Langtímaatvinnulausir með fjárhagsaðstoð, með eða án fötlunargreiningar (tillaga 8)

Tillaga:

Unnið verði að því innan Reykjavíkurborgar að hægt sé að bjóða einstaklingum sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu í starfsþjálfun hjá Reykjavíkurborg. Þrátt fyrir að einstaklingum með fjárhagsaðstoð hafi fækkað síðustu ár þá liggur það fyrir að þeir sem ekki hafa komist á vinnumarkað af einhverjum ástæðum þurfa sérstaka aðstoð til virkni. Um er að ræða einstaklinga sem geta verið með skerta starfsgetu án þess þó að vera með fötlunargreiningu. Hópurinn sem um ræðir hefur verið

lengi utan vinnumarkaðar en vilji er til að bæta lífsgæði sín en treysta sér ekki á almennan markað og þurfa mögulega eftirfylgd í starf.

Markmið F1: Aukin atvinnuuppbygging fyrir ungt fólk með fjárhagsaðstoð.

Mælikvarði:

F1-1: Setja af stað tilraunaverkefni fyrir einstaklinga með fjárhagsaðstoð þar sem boðið verður verður upp á fjölbreytt störf innan borgarinnar í formi starfsþjálfunar. Um er að ræða hlutastörf með sveigjanlegan vinnutíma. Störfin verða veitt í allt að 12 mánuði.

Ábyrgðaraðili: Skrifstofa ráðgjafarþjónustu.

Tímaáætlun: 2019.

Kostnaður: 10 m.kr. (1 stg. sem aðstoðar einstaklinga við að fá störf svo starfsstaðir þurfi ekki að bera kostnað við ráðningar til að byrja með.